

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1993

III

Úr fylgsni fortíðar

í hellinum Víðgelmi

Rannsókn 11. desember 1993.

Guðmundur Ólafsson



FORNLEIFADEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1994/2011 REYKJAVÍK


© 1994/2011 Guðmundur Ólafsson

Rit þetta má afrita með ýmsum hætti, að hluta eða í heild, enda sé það gert í fullu samráði við höfund og með skriflegu leyfi hans.

Forsíðumynd: Yfirlitsmynd af eldstæðinu á syllunni í hellinum Víðgelmi (GÓL-1993-50-33).

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Aðdragandi.....	4
Rannsóknarferð.....	4
Eldstæði.....	6
Hleðsla.....	6
Fundir.....	7
Perlur.....	7
Jaspismolar og bronsþráður.....	8
Leðurpjötlur.....	8
Aldur minjanna.....	10
Hver var hellisbúinn.....	11
Heimildir.....	12



Grunnteikning og snið af hluta Víðgelmis, sem sýnir hvar syllan fannst (G.Ó. Eftir teikningu Wood og Pryor 1973).

Aðdragandi

Í júní 1993 voru nokkrir félagar úr hellarannsóknarfélagi Íslands í könnunarferð um hellinn Víðgelmi. Hellirinn sem talinn er vera meðal rúmtaksmestu hraunhella á jörðinni er um 1,6 km langur og allt að 16 m hár og er hann í Hallmundarhrauni í landi Fljótstungu í Mýrasýslu. Framarlega í hellinum er járngrindarhlið sem verndunarnefnd Hellarannsóknafélagsins setti þar upp árið 1991 til að loka fyrir allan óviðkomandi aðgang að hellinum. Er þeir höfðu gengið nokkurn spöl inn fyrir hliðið komu þeir auga á syllu ofarlega í hellisveggnum vinstra megin. Ólafur Árni Ólafsson klifraði upp á sylluna, sem var í um 4 m hæð og kom þar auga á mannvistarleifar, eldstæði og stórgripabein. Hann kallaði á féлага sína og fundust þá nokkrar glerperlur og skinnþjötlu þar skammt frá.


Af lýsingunni að dæma virtist sem að um gæti verið að ræða svonefndar sörvistölur eins og tíðkuðust á víkingaöld. Sigurður Sveinn Jónsson hafði samband við Þjóðminjasafnið en ekki gafst tóm til að huga nánar að þessum fundi fyrr en í desember 1993.

Rannsóknarferð

Laugardaginn 11. desember lagði Guðmundur Ólafsson fornminjavörður, Sigurður Sveinn Jónsson, jarðfræðingur og formaður Hellarannsóknafélagsins og Esther Hlíðar Jensen, jarðfræðingur af stað til að kanna þessar minjar. Í förinni var einnig Páll Benediktsson fréttamaður á Ríkissjónvarpinu og Jón Þór Víglundsson kvikmyndatökumaður. Í Fljótstungu slóst Árni Þorsteinsson bóndi í förina og hafði hann meðferðis ýmiskonar sigbúnað til að komast inn í hellinn.

Stíllt var úti, lítills háttar frost og gott ferðaveður. Enda gekk ferðin greiðlega niður í hellinn. Þar var sigbúnaðurinn tekinn fram, því að til þess að komast niður á hellisgólfið þarf að síga niður rúmlega 3 m bratt ísstál sem er fremst í hellinum. Íshella þessi lokaði alveg fyrir hellinn þar til fyrir þremur árum, er félagar úr Hellarannsóknafélaginu rufu hana og komust inn í hellinn, fyrstir manna í áratugi.

Hliðið var nú opnað og haldið að fundarstað. Erfitt var að átta sig á því hve löng leið er að fundarstaðnum þegar gengið er í myrkrinu, en sennilega er hann um 100 m innan við hliðið.



Flatarteikning af hellisskúta og sýnir m.a. eldstæði og afstöðu funda. Svarta lóðrétta strikið er sprunga í gólfi syllunnar (Teikning Guðmundur Ólafsson).

Þar er sylla uppi undir lofti við suðurhlið hellisins, líklega í um 5 - 7 m hæð yfir hellisgólfinu. Með nokkurri fyrirhöfn var hægt að klifra upp á sylluna og skyggjast um. Þarna reyndist vera dálítill hellisskúti, um 8 m langur, ef mælt er frá syllubrún. Fremst á

brúninni er um 1 m breið sylla til beggja hliða frá skútanum sem er þar um 8 m breiður en mjókkar inn að botni, þar sem hann er rétt rúmlega 2 m breiður. Hruga af viðarkolaum var á gólfinu. Lofthæð skútans er mest fremst. Hægt er að standa uppréttur í fremri hluta skútans, en þegar komið er inn fyrir eldstæðið er lofthæðin orðin minni en mannhæð og lækkar jafnt og þétt inn að botni hellisskútans. Hellisgólfið er að mestu slétt, en hækkar aðeins upp að veggjunum beggja vegna, og framarlega við vesturhliðina er grjóthruga sem gæti verið hrun úr þakinu. Að undanskildri viðarkolahrúgunni er ekki um neina gólfskán eða mannvistarlög að ræða í skútanum, aðeins bert hraunið.

Eldstæði.

Um 2 - 3 m frá syllubrún er 5 - 15 cm breið sprunga í gólfið samsíða aðalhellinum. Eldur hefur verið kveiktur á gólfinu við sprunguna um 60 cm frá austurhlið skútans. Þar eru viðarkolaleifar og leifar af brenndum beinum dreifðar um svæði sem er 80 - 100 cm í þvermál. Ekki er neinn umbúnaður um eldstæðið, hleðslur eða annað slíkt, eins og venja er til í mannbústöðum.



Eldstæðið. Greina má beinaleifar innan um viðarkolin í eldstæðinu og á víð og dreif um gólfið. Hvítuleita hrúgan neðst til hægri í eldstæðinu eru brennd bein (GÓL-1993-50-32).


Hleðsla.

Innarlega í hellisskútanum, um 2,5 m innan við eldstæðið lágu 7 - 8 steinar í einfaldri röð sem er um 1m að lengd. Við vesturenda beygði röðin þvert til norðurs og myndaði nánast rétt horn á hina röðina. Þessi röð var um 60 cm löng og í henni voru fjórir steinar. Steinunum hafði augljóslega verið raðað saman, en þeir virtust þó ekki mynda fullbúna

hleðslu. Ekki var hægt að segja til um hlutverk þessa mannvirkis, en líklegast má telja að þarna hafi verið byrjað á rúmbálki.

Fundur.

Beinaleifar voru dreifðar um gólfið, einkum fyrir austan og á syllunni norðan eldstæðið, 30 - 50 talsins. Beinin virtust vera matarleifar, og sum voru brotin til mergjar. Það vakti nokkra athygli að samkvæmt frumgreiningu Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis og Thomas McGovern beinafræðings virtust flest beinin vera skankar og hlutar af höfuðbeinum úr nautgripum. Greina mátti bein úr að minnsta kosti tveimur skepnum, hugsanlega fleiri. Þá voru fáein bein úr minni dýrum og jafnvel fuglum. Einnig var mikið af *brenndum beinum* í sjálfu eldstæðinu.



Teikning af beinagrind í kú. Rauðlituðu beinin sýna hvaðan af skepnunni beinin komu sem fundust í Víðgelmi.

Perlur

Þegar farið var að kanna gólfið fundust við nánari leit nokkrar perlur, eða *sörvistölur* í gólfi og sprungum rétt austan við og einnig í eldstæðinu. Stærst var glerperla, úr snúnu, glæru gleri, Þrjár aðrar heilar perlur fundust og tvær perlur voru brotnar.

Glerperla frá víkingaöld úr Víðgelmi (ljósmynd Ívar Brynjólfsson).





Sex perlur og brot úr bronsþræði sem fundust við eldstæðið (GÓL).

Jaspismolar og bronsþráður.

Nokkrar flögur úr *rauðum jaspis* fundust dreifðar um gólfið. Þær geta hafa verið notaðar í stað eldtinnu til að kveikja eld. Einnig fannst lítið brot af *bronsþræði* sem virtist vera úr hlekk af lítilli keðju.

Leðurpjötlur.

Leðurpjötlur, 10 x 15 cm að ummáli, sem gætu verið leifar af litlu *veski* lágu framarlega á syllunni, rúmum 1m norðan við eldstæðið. Það virtist hafa verið gert af þremur hlutum sem gætu hafa verið festir saman með skinnþræði eða sinum. Leðrið var nokkuð illa farið af myglusveppi og þarfnaðist viðgerðar. Hlutverk þessa leðurhlutar er óþekkt. Leðrið var strax afhent forvörsludeild Þjóðminjasafnsins og bíður þess að verða frostþurrkað. Að útliti minnti hluturinn einna helst á nútíma seðlaveski, en rannsókn á þeim verður að bíða þar til þær hafa verið forvarðar.




Leðurpjötlur á fundarstað. Hvítar mygluleifar til hliðar við pjötlurnar benda til þess að þær hafi verið færðar til, áður en kallað var á fornleifafræðing (GÓL-1993-50-25).



Leðurpjötlurnar, eftir að þær höfðu verið teknar í forvörslu (Ljósmynd Ívar Brynjólfsson).

Aldursgreiningar úr Víðgelmi, Mýrasýslu



Merkilegar niðurstöður geislakols aldursgreininga úr hellinum Víðgelmi. Rauða línan sýnir aldur gjóskulagsins 871 ± 2 , sem er eldra en hraunið. Viðarkolasýnið greindist frá tímabilinu 680 – 890, eða fyrir landnám og áður en hraunið rann. Bein úr eldstæðinu sem einnig var greint reyndist hins vegar vera frá tímabilinu 890– 1020. (Aarhus/Reykjavík geislakols aldursgreiningarstofan).

Aldur minjanna.

Af þeim hlutum sem þarna hafa komið í ljós virðist vera ljóst að um er að ræða muni frá víkingaöld. Glerperlurnar eða sörvistölurnar voru notaðar í festar og bornar sem skartgripir. Yfirleitt hafa þær verið hluti af kvenskrauti, þó ekki sé það algilt. Sörvistölur hafa einnig fundist í fótum karlmanna. Þær benda nokkuð ótvírætt til 10. - 11. aldar.

Geislakolsaldursgreining á viðarkoli úr eldstæðinu reyndist gefa einkar athyglisverða niðurstöðu. Það reyndist vera frá tímabilinu 680 – 890, eða um 60 til 220 árum eldra en hraunið, ef gert er ráð fyrir að það hafi runnið um 900. Ef niðurstaða geislakolsaldursgreiningarinnar er tekin beint og henni trúað gagnrýnislaust, var eldurinn kveiktur í hellinum löngu fyrir landnám og allt að 220 árum áður en hraunið rann sem hellirinn myndaðist í. Sú aldursgreining getur engan vegin staðist. Til samanburðar sést að kúrbein úr sama eldstæði greindist til tímabilsins 890 – 1020. Þarna er um allt að 340 ára mismun að ræða. Ef gengið er út frá því að niðurstöður greininga á báðum sýnunum sýni réttan aldur viðkomandi sýna, verður að leita skýringa á hinum háa aldri viðarkolasýnisins. Líklegast er að verið sé að brenna gömlum viði sem safnast hefur upp fyrir landnám. Það getur líka útskýrt hvers vegna viðarkolasýni frá landnámsöld greinast oft miklu eldri en mannvistarlögin sem þau fundust í (Guðmundur Ólafsson, 2000).

Allt bendir til þess að um sé að ræða minjar frá víkingaöld og hér er því um einstæðan fund að ræða. Þarna hafa nánast öll ummerki varðveist, eins og viðkomandi aðili skildi við staðinn fyrir um 1000 árum.



Glampanði hraungólfíð á syllunni, skammt frá eldstæðinu. Nokkrar viðarkolaagnir hafa lent í litlum sprungum og neðarlega til hægri er brotin perla (GÓL-1993-50-30).

Hver var hellisbúinn.

Það vekur óneitanlega upp ýmsar spurningar að finna slíkar mannvistarleifar sem hér hefur verið greint frá hér að framan. Hver bjó um sig þarna upp á syllunni í kolniðamyrkri? Hvers vegna valdi hann sér þennan stað til dvalar? Hvenær var hann þarna á ferð og hve lengi dvaldi hann þarna?

Við sumum spurningum fást auðvitað aldrei nein svör. Öðrum er hægt að svara með sæmilegri vissu. Það er freistandi að ljúka þessari frásögn með hugleiðingum um ofangreindar spurningar. Það er meira til gamans gert en af fullri alvöru, því að auðvitað er ógerningur að endurskapa um 1000 ára gamla atburðarrás.

Líklegasta skýringin á þessum mannvistarleifum er sú að þarna hafi einhver leitað sér felustaðar, hugsanlega útilegumaður. Hins vegar er erfitt að ímynda sér að nokkur geti rambað á þessa syllu án þess að hafa góða þekkingu á öllum krókum og kimum í hellinum. Það bendir til þess að einhver staðkunnugur hafi verið a.m.k. verið með í för. Ummerkin í hellinum, eins og beinal EIFarnar, eldstæðið og skortur á gólfskán benda til þess að um skamma dvöl hafi verið að ræða á syllunni. Sennilega hefur viðkomandi aðeins dvalist þarna í fáeina daga.

Beinal EIFarnar eru óvenjulegar. Þetta virðast hafa vera verstu og rýrustu kjötbitarnir af skepnunni. Það gæti bent til þess að hellisbúinn hafi dvalist hér með vitund einhvers heima á næsta bæ, sem færði honum matarleifar og sláturafgangna sem minnst hætta var á að yrði saknað.

Sörvistölurnar benda til þess að þarna hafi kona hafi komið við sögu, en sörvistölur einar og sér eru reyndar ekki nein sönnun fyrir því. Af aðstæðum á fundarstað, þ.e. að flestar tölurnar voru dreifðar í sprungum við eldstæðið og í því, má ætla að tölurnar hafi verið hluti af festi sem hefur slitnað þarna á syllunni og eigandinn ekki getað fundið aftur í myrkrinu. Kom e.t.v. til átaka sem urðu til þess að festin slitnaði? Í framhaldi af því dettur manni í hug að viðkomandi hafi e.t.v. þurft að yfirgefa staðinn í skyndi, því að annars hefði hann fundið allar tölurnar fyrr eða síðar. Hafi festin verði borin um háls eða á brjósti þegar festin slitnaði tel ég það styrkja líkurnar fyrir því að um konu hafi verið að ræða. Vísu má í þessu efni til annarra greina sem skrifaðar hafa verið um þennan fund (Guðmundur Ólafsson, 2000, 2005)

Spurningum, um hvaða atburður átti sér stað hér á syllunni fyrir um 1000 árum og sem leiddi af sér minjarnar sem hér hefur verið fjallað um, verður aldrei svarað með fullri vissu. Það breytir ekki þeirri staðreynd að hér er sennilega um að ræða einn sérstæðasta og merkasta fornleifafund síðari ára.

Heimildir

Guðmundur Ólafsson. (2000). Fylgsnið í hellinum Víðgelmi *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1998* (pp. 125-142). Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson. (2005). *The underground Economy of the Viking Age*. Paper presented at the 14th Viking Congress, Torshavn.